

Alþingi
Erindi nr. P 128/192
komudagur 20.11.2002

Félag eldri borgara í Garðabæ,
Kirkjuhvoli,
210 Garðabæ.

Garðabæ 20. nóvember 2002.

Efnahags - og viðskiptanefnd Alþingis,
Alþingi,
101 Reykjavík.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks. Þskj. 10 - 10. mál.


Stjórn Félags eldri borgara í Garðabæ - FEBG - hefur fjallað um framangreinda þingsályktunartillögu. Stjórnin fagnar flutningi tillögunnar og treystir á jákvæða afgreiðslu háttvirtrar nefndar á tillögunni og þverpólítískrar samstöðu og skjótrar afgreiðslu málsins á hinu háa Alþingi og heitir jafnframt á hæstvirtan fjármálaráðherra að fylgja málinu fast eftir með skipan nefndar samkvæmt efni tillögunnar þar sem m.a. væri einn fræðimaður, t.d. Stefán Ólafsson, prófessor.


Stjórn FEBG leggur, í samræmi við fyrri fundasamþykktir félagsins, höfuðáherslu á eftirfarandi atriði:

1. Að leiðrétt verði það misvægi sem orðið hefur á tímabilinu frá 1991 til þessa dags milli þróunar grunnlífeyris almannatrygginganna annars vegar og launaþróunar dagvinnulauna verkamanna á höfuðborgarsvæðinu hins vegar, og að eftir þá leiðréttingu verði samanlagður grunnlífeyrir og tekjutrygging hið sama og aldrei lægra hlutfall af dagvinnulaunum verkamanna en 1991 og breytist í samræmi við launavísitölu.
2. Að frítekjumörk almannatrygginga og skattleysismörk verði lätin fylgja almennri launaþróun.
3. Að til framtíðar verði stefnt að þeim breytingum á velferðarkerfinu, sem feli í sér eðlilegan jöfnuð án þess að kasta fyrir róða hagkvæmnissjónarmiðum og nauðsynlegri skilvirkni. Núverandi kerfi er of flókið og endurbætur, sem gerðar hafa verið á því, taka of mikið mið af skammtímalausnum. Horft til framtíðar leggjum við til að viðmiðin, í þessu stóra máli, verði niðurstöður rannsókna Joakims Palme, samanber erindi hans á ráðstefnu ASÍ þ. 28.mars 2001-Um framtíð velferðakerfisins.
4. Að þar til markmiðum samkvæmt lið 3. hér að framan hefur verið náð, sé óhjákvæmilegt að taka til tafarlausrar endurskoðunar og leiðréttingar tekjutryggingarbætur til handa þeim hópi aldraðra, sem við lökust kjör búa, sakir takmarkaðra eða engra greiðslna úr lífeyrissjóðum eða annarra tekna.

Stjórn FEBG óskar háttvirtri Efnahags - og viðskiptanefnd Alþingis heilla og farsælda í störfum sínum og ítrekar traustyfirlýsingu um skjóta og jákvæða afgreiðslu þingsályktunartillögunnar með framangreind sjónarmið FEBG í huga.

Virðingarfyllst,
í stjórn Félags eldri borgara í Garðabæ:


Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, varaformaður,


Paul Jóhannsson, ritari.